

UMHVERFISVOTTAÐIR VESTFIRÐIR

Ráðstefna á Núpi í Dýrafirði, laugardaginn 17. apríl 2010



Ferðamálasamtök Vestfjarða



Umhverfisvottaðir

Vestfirðir

Ráðstefna á Núpi í Dýrafirði, laugardaginn 17. apríl 2010

Útgefandi: Ferðamálasamtök Vestfjarða
Ljósmyndir: Ágúst G. Atlason, www.gusti.is
Umbrot: Náttúrustofa Vesturlands
Prentun: Hjá Guðjón Ó



Ferðamálasamtök Vestfjarða



Verið velkomin á ráðstefnuna Umhverfismála Vestfirðir

Ferðamálasamtök Vestfjarða hafa undanfarna mánuði unnið að stefnumótun vestfirskrar ferðaþjónustu og haldið stefnumótunarfundi um allan fjórðunginn í þeim tilgangi að ná fram sjónarmiðum flestra þeirra sem tengjast greininni. Vel á annað hundrað manns lögðu vinnunni lið með hvers kyns hugmyndum og innleggi í umræðuna. Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem hefur mikil og jákvæð áhrif inn í samfélagið en það eru oft óljós mörk á því hvar landamæri hennar liggja. Ef ekki væri fyrir öfluga ferðaþjónustu þá byggju íbúarnir ekki endilega við þau fjölbreyttu lífskjör og raunin er. Rekstur sundlauga, matvöruverslana, veitingastaða og hvers kyns afþreyingar, auk margvíslegrar annarrar þjónustu sem þykir sjálfsögð í öllum byggðum, væri vart svipur hjá sjón ef ekki hefði verið unnið markvisst við uppbyggingu ferðaþjónustu mörg undanfarin ár. Þegar upp er staðið þá starfa fleiri að einhverju leyti við ferðaþjónustu en fólk gerir sér kannski almennt grein fyrir.

Á stefnumótunarfundunum þar sem farið var um víðan völl greinarinnar kom það berlega í ljós að Vestfirðingar eru tilbúnir til að hefja umræðu af fullri alvöru um alla þætti umhverfismála og raunar kom fram skýr krafa um að sá málaflokkur yrði tekinn sérstaklega fyrir við allt skipulag ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Stjórn Ferðamálasamtaka Vestfjarða sá að ekki væri eftir neinu að bíða að koma umræðunni af stað og ákvað þegar í stað að stefna að þessari ráðstefnu, Umhverfismála Vestfirðir, í tengslum við næsta aðalfund samtakanna.

Það er trú okkar að þessi ráðstefna geti orðið vítamínssprauta fyrir umræðu um umhverfismál á Vestfjörðum. Það er von okkar að sveitarstjórnarmenn muni huga að málefniinu í framhaldinu og sjái til þess að það verði tekið upp innan allra sveitarstjórna í fjórðungnum. Í framhaldi af því er það von okkar að sveitarstjórnir á Vestfjörðum muni starfa sameiginlega að því innan Fjórðungs-sambands Vestfjarða að vinna málefniinu lið, öllum íbúum Vestfjarðakjálkans til heilla. Takist það þá verður stórum áfanga náð.

Við viljum koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem taka þátt í þessari glæsilegu ráðstefnu með framlagi sínu. Sérstakar þakkir fá Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson frá Náttúrustofu Vesturlands og Stefán Gíslason frá Environice fyrir að taka sæti í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar og leggja ráðstefnunni Umhverfismála Vestfirðir til starfskrafta sína og þekkingu.

Sigurður Atlason

formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða



Dagskrá



11:00 *Setning* – **Sigurður Atlason**, Ferðamálasamtökum Vestfjarða

11:05 *Ávarp umhverfisráðherra* – **Svandís Svavarsdóttir**

11:15 *Aðeins ein jörð: Staða hnattrænna umhverfismála og mikilvægi aðgerða* – **Guðmundur Ingi Guðbrandsson**, Umhverfis- og auðlindafræði og Stofnun Sæmundar fróða, Háskóla Íslands

11:45 *Aðeins eitt Ísland: Staða umhverfismála hér heima* – **Kristín Svavarsdóttir**, Landgræðslu ríkisins

12:10 *Umræður*

12:20 **Matarhlé**

13:10 *Endurreisn Lálunds* – **Leo Christensen**, atvinnumálafulltrúi Lolland kommune, Danmörku

13:40 *Sjálfbært Snæfellsnes* – **Róbert A. Stefánsson**, Náttúrustofu Vesturlands

14:00 *Umhverfisvottun Íslands* – **Menja von Schmalensee**, Náttúrustofu Vesturlands

14:15 *Reynsla umhverfisvottaðs sveitarfélags af leiðandi starfi í umhverfismálum* – **Erla Friðriksdóttir**, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar

14:30 *Umræður*

14:40 *Reynsla fyrirtækis af vottun* – **Rannveig Grétarsdóttir**, Hvalaskoðun Reykjavík/Elding

14:50 *Reynsla fyrirtækis af vottun* – **Aðalbjörg Þorsteinsdóttir**, Villimey Tálknafirði

15:00 *Umræður*

15:10 **Kaffihlé**

15:30 *Viðhorf ferðafólks til náttúru* – **Edward H. Huijbens**, Rannsóknarmiðstöð ferðamála

15:50 *Villt dýr að fépúfu* – *Mikilvægi sjálfbærni* – **Ester R. Unnsteinsdóttir**, Melrakkasetri

16:10 *Rafbílavæðing Íslands* – **Sighvatur Lárusson**, Northern Lights Energy

16:30 *Hvernig birtist stefna vestfirskra sveitarfélaga í umhverfismálum?* – **Anna Guðrún Edvarðsdóttir**, formaður Fjórðungssambands Vestfjarða

16:40 *Umræður*

17:10 **Ráðstefnuslit**

17:30 *Skoðunarferð með leiðsögn í garðinn* **Skrúð í Dýrafirði**

20:00 **Kvöldverður**

Fundarstjóri: **Stefán Gíslason**, Environice

Aðeins ein jörð: Staða hnattrænna umhverfismála og mikilvægi aðgerða

Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Umhverfis- og auðlindafræði og Stofnun Sæmundar fróða, Háskóla Íslands, mummi@hi.is

Jörðin ber skýr merki umfangsmikilla umhverfisbreytinga. Á síðustu 50 árum hafa mennirnir breytt vistkerfum jarðar bæði hraðar og meira en á nokkru öðru tímabili í sögu mannkyns. Þetta hefur fyrst og fremst verið gert til að mæta aukinni þörf fyrir mat, ferskvatn, við, trefjar og orku. Gríðarleg fólksfjöldgun, stóraukin efnahagsframleiðsla og neysla manna, þó misskipt sé, hefur valdið ofnotkun náttúruauðlinda og mikilli mengun í lofti, á láði og í legi. Þessi þróun hefur vissulega aukið á velsæld manna og efnahagslega burði sumra þjóða, en jafnframt valdið hnignun vistkerfa sem bera uppi líf á jörðunni og veita okkur mönnum margvíslega þjónustu svo sem mat, hreint vatn, verndun loftslags og andlega upplyftingu.

Ofnotkun náttúruauðlinda og mengun (m.a. í formi þrávirkra efna, ofauðgunar og aukinna gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti) eru uppspretta þeirra megin hnattrænu umhverfisvandamála sem við eigum við að glíma í dag. Ofnotkun auðlinda, sérlega endurnýjanlegra, sést m.a. á því að um 75-80% stofna sjávarfiska eru veiddir að viðhaldsgetu eða ofveiddir, um helmingur allra hitabeltis- og tempraðra skóga hefur verið ruddur, og landeyðing og eyðimerkurmyndun ógnar fjölbreytni lífs og afkomu manna víða um heim, sérstaklega í þróunarlöndum. Þá fer ferskvatn þverrandi og sama má segja um líffræðilegan fjölbreytileika sem er ein helsta undirstaða þjónustu vistkerfa. Samkvæmt úttekt þúsaldarskýrslu Sameinuðu þjóðanna fer um 60% af vistkerfis-þjónustu jarðar nú hnignandi.

Mikilvægi aðgerða til að stemma stigu við þessari þróun verður vart ofmetið. Nauðsynlegt er að nálgast aðgerðir í umhverfismálum á mismunandi stjórnunarstigum: alþjóðlega, á vegum ríkis og sveitarfélaga, hjá fyrirtækjum og ekki síst á meðal einstaklinga. Margt jákvætt hefur átt sér stað á undanförunum árum, en eins og gögn sýna þá hefur það dugað of skammt.

Hvað þarf þá raunverulega til? Hér má skipta skoðunum gróflega í tvennt. Annars vegar eru þau sem vilja vinna breytingar innan þess ramma og kerfis sem þegar er til staðar og hins vegar þau sem telja að ganga þurfi lengra og takast mun betur á við hina undirliggjandi þætti sem valda hnignun umhverfisins. Þar beinast sjónir manna helst að breytingum sem varða fólksfjölda og fátækt, tækni, neyslu og núverandi markaðskerfi (þ.m.t. það hvernig við mælum velsæld manna). Ef til vill er þó ein mikilvægasta breytingin, sem jafnframt má telja grundvallarforsendu annarra breytinga, almenn hugarfarsbreyting sem eykur virðingu fyrir náttúrunni, auðlindum hennar og vistkerfum sem við mennirnir erum órjúfanlegur hluti af.

Helstu heimildir:

IPCC 2007. *Intergovernmental Panel on Climate Change. Fourth Assessment Report, Climate Change 2007. Syntheses Report*. UNEP, Genf.

Millenium Ecosystem Assessment (MA). 2005. *Ecosystems and Human Well-being: Synthesis*. Island Press, Washington, DC, USA.

Schmitz 2007. *Ecology and Ecosystem Conservation*. Island Press, Washington, DC, USA.

Speth 2008. *The Bridge at the Edge of the World. Capitalism, the Environment, and Crossing from Crisis to Sustainability*. Yale University Press, New Haven, CT, USA.

Speth og Haas. 2006. *Global environmental governance*. Island Press, Washington, DC.

Vitousek o.fl. 1997. Human domination of Earth's ecosystems. *Science*, 277: 494.

Costanza o.fl. 1997. The Value of the Worlds's Ecosystem Services and Natural Capital. *Nature*, 387: 253-260.

Aðeins eitt Ísland: Staða umhverfismála hér heima

Kristín Svavarsdóttir

Landgræðslu ríkisins, kristin.svavarsdottir@land.is

Ímynd Íslands í umhverfismálum er almennt jákvæð erlendis. Orkuframleiðsla og húshitun er að mestu leyti knúin af orkugjöfum sem valda mun minni mengun en brennsla kola eða olíu, við eigum hreint vatn og tiltölulega hreint loft. Utan frá séð stöndum við okkur því vel í umhverfismálum. Þetta má fyrst og fremst þakka innlendum orkugjöfum, strjálbýli og fámenninu. En sú ímynd sem Ísland hefur í umhverfismálum er brothætt og því mikilvægt að hlúa vel að málaflokknum og á víðari grundvelli en er nefnt hér að ofan. Fyrir ekki svo löngu síðan var almennt talið að helsta umhverfisvandamál hér á landi væri eyðing gróðurs og jarðvegs enda hefur frá landnámi stór hluti þessara auðlinda tapast. Þrátt fyrir að jarðvegsrof sé enn mjög útbreytt, margir afréttir landsins illa grónir og það séu stór samfelld rofin svæði á landinu, þá hafa með aukinni alþjóðavæðingu önnur umhverfisvandamál, s.s. hlýnun loftslags, orðið meira áberandi í umræðunni. Í fyrirlestrinum verður fjallað um stöðu umhverfismála á Íslandi en sérstaklega verður litið til landnýtingar, jarðvegseyðingar, eyðingar búsvæða, ágengra tegunda og aukinnar hættu á útbreiðslu þeirra með hækkandi hitastigi. Góð ímynd í umhverfismálum hefur mikið gildi fyrir okkur sem þjóð en ekki síður einstök landsvæði og fyrir atvinnuvegina, t.d. ferðaþjónustu, landbúnað og sjávarútveg og þar með útflutning matvæla. Það er því margt sem styður það að stunda ábyrga stjórnun auðlinda og að gengið sé um náttúruna með virðingu og ákveðinni auðmýkt.



Endurreisn Lálánds

Leo Christensen

Atvinnumálafulltrúi Lolland kommune, Danmörku, lech@lolland.dk

Fyrri hluti – Verkefni síðustu ára

Á síðustu árum nýliðinnar aldar var atvinnuástand á Láláandi mjög bágborið, atvinnuleysi um 20% og svæðið talið eitt það fátækasta í Danmörku. Sveitarfélagið ákvað þá að snúa við blaðinu og skapa ný atvinnutækifæri á eyjunni með sérstakri áherslu á vistvæna orkugjafa. Þetta varð til þess að nýr iðnaður skapaðist, störf urðu til og atvinnuleysi er nú einungis um 3%. Í endurreisnarstarfinu var m.a. lögð áhersla á að bjóða upp á aðstöðu fyrir þá sem vinna að þróun á nýrri vistvænni tækni, til að láta reyna á kosti hennar og galla við raunverulegar aðstæður áður en farið er út í framleiðslu og markaðsstarf af fullum krafti. Til að fjármagna uppbyggingarstarfið hefur sveitarfélagið m.a. sótt markvisst í sjóði Evrópusambandsins.

Síðari hluti – Yfirstandandi verkefni og tækifæri fyrir Ísland

Fyrir árið 2020 þarf Sjáland, utan Kaupmannahafnar, (Region Sjælland = 17 sveitarfél.) að auka nýtingu grænnar orku um 19 Pj (petajoule) = 5,3 TWst (terawattstundir) á ári. Fyrir Kaupmannahöfn er þessi tala 46 Pj = 12,8 TWst. Hér er um gríðarlega orku að ræða, og nú er unnið að því að tryggja nægjanlegar rannsóknir, þróun og uppsetningu orkuvera og dreifikerfis í tæka tíð. Sveitarfélagið Láláand hefur komið sér upp sameiginlegri loftslags-, orku- og umhverfisáætlun fyrir þessa vinnu, sem lögð verður fram til samþykktar í öllum 18 sveitarfélögum í júní. Áætlunin er sérstök að því leyti að hún hefur ekki áhrif á skatttekjur sveitarfélaganna, en gerir þó ráð fyrir verulegu fjármagni (u.þ.b. 3 milljörðum dkr) til nauðsynlegrar þróunar. Fjárfestingar í orkuverum kosta veitufyrirtæki sveitarfélaganna um 30 milljarða dkr, og einkageirinn þarf að ráðast í mun stærri fjárfestingar. Hér er á ferðinni stærsta einstaka vaxtarhvetjandi verkefnið sem um getur á svæðinu. Getur Ísland verið þátttakandi í slíku samstarfi, svo sem með sölu á vörum eða þjónustu? Og hvernig er hægt að stuðla að þátttöku allra byggðarlaga á Íslandi í slíku ferli?

Ísland býr yfir gríðarlegum orkulindum. Hvernig er hægt að þróa kerfi sem nýta þessa orku á þann hátt að Ísland geti selt orku í stórum stíl til Norðurlandanna (og annarra landa)? Getum við stuðlað að því að Norðurlöndin fjárfesti í orkumálum á Íslandi? Hér verður bent á möguleika sem hægt er að vinna með nú þegar, þ.á m. varðandi nýtingu koltvísýrings með íslenskri orku. Hvaða möguleikar liggja í því einstaka líffræðilega hráefni sem Ísland á í sínum fágætu örverum? Er mögulegt að koma á norrænu samstarfi hvað þetta varðar – gjarnan út frá dansk-íslensku verkefni? Láláand tekur nú þátt í alþjóðlegu þróunarverkefni á þessu sviði. Er hægt að nýta þetta til að ýta undir þróun hjá báðum aðilum?



Sjálfbært Snæfellsnes

Róbert A. Stefánsson

Náttúrustofu Vesturlands, robert@nsv.is

Sumarið 2008 varð Snæfellsnes fyrsta samfélagið í Evrópu og fjórða samfélagið í heiminum til að ná þeim áfanga að hljóta umhverfismerkið Green Globe (breyttist í EarthCheck árið 2010, www.earthcheck.org) fyrir árangur í umhverfismálum. Vottunin nær til starfsemi sveitarfélaganna fimm, Eyja- og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar, Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar og Stykkishólms, auk Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, en ekki á beinan hátt yfir starfsemi fyrirtækja. Vottunin er veitt til eins árs í senn að undangenginni úttekt óháðs úttektaraðila. Vottunarferlið er eilífðarverkefni, enda byggir það á kerfi stöðugra úrbóta. Að baki því liggur hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Undirbúningur verkefnisins hófst að frumkvæði Guðlaugs og Guðrúnar Bergmann árið 2002 og hefur hlotið styrki frá ríkinu. Fyrstu árin fóru í stefnumótun, gerð framkvæmdaáætlunar og að koma á fót skilvirku vöktunarkerfi þar sem notkun og losun var skráð á staðlaðan hátt.

Sveitarfélögin settu sér sjálfbærnistefnu til ársins 2015, þar sem dregnar eru upp þær aðstæður sem sveitarfélögin hafa einsett sér að skapa eigi síðar en það ár. Til að ná því markmiði þarf að vinna mjög markvisst og er því gerð framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn og hún endurskoðuð árlega. Fram til þessa hefur áherslan verið á að byggja traustan grunn fyrir verkefnið og styrkja innviði sveitarfélaganna á þessu sviði en fram undan er að leggja enn meiri áherslu á framfarir í umhverfismálum og að auka fræðslu um umhverfismál og verkefnið til íbúa og út á við.

Sett hefur verið á fót vöktunarkerfi til að fylgjast með t.d. notkun auðlinda og losun úrgangs en svokallaðir sjálfbærnivísar mæla árangur svæðisins hvað þetta varðar. Dæmi um sjálfbærnivísa er losun gróðurhúsalofttegunda, notkun orku, vatns, hreinsiefna og varnarefna, vatnsgæði, hlutfall verndaðra svæða, magn úrgangs til urðunar, endurvinnsla og hlutfall vottaðra ferðaþjónustu-fyrirtækja. Vísarnir byggja ýmist á tölum fyrir stofnanir sveitarfélaganna eða alla íbúa svæðisins. Einkunn er gefin fyrir hvern sjálfbærnivísi. Um er að ræða kerfi stöðugra úrbóta sem gerir kröfu um úrbætur á öllum sviðum, sérstaklega þar sem frammistaðan er ekki framúrskarandi. Að auki er gerð rík krafa um gegnsæi, rekjanleika upplýsinga og skráningu verkferla.

Áþreifanlegur árangur í sparnaði á auðlindum jarðar er þegar kominn fram. Þar má nefna stór- aukna sorpflokkun í öllum sveitarfélögunum og vistvænni innkaup á pappírsvörum og hreinsiefnum. Stykkishólmur hefur gengið lengst í sorpmálum, aukið endurvinnslu og dregið stórlega úr urðun úrgangs. Svo má nefna Grænánaverkefni leik- og grunnskólanna og Bláfána tveggja smábátahafna, auk þess sem sveitarfélögin hafa tekið virkan þátt í baráttunni gegn framandi, ágengum tegundum. Eitt mjög mikilvægt atriði til viðbótar er reynslan af þessu ferli. Hún á eftir að verða dýrmæt á komandi tímum og hefur þegar skapað svæðinu jákvæða ímynd.

Aðstandendur trúa því að vottunarverkefnið styrki byggðina á Snæfellsnesi og nýtist atvinnulífinu, ekki síst ferðaþjónustu. Mikilvægi verkefnisins felst hvað helst í því að byggt er á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, þar sem fléttaðir eru saman umhverfislegir, félagslegir og efnahagslegir hagsmunir með langtímasjónarmið í huga.



Umhverfisvottun Íslands

Menja von Schmalensee

Náttúrustofu Vesturlands, menja@nsv.is

Heimurinn allur, ekki einungis Ísland, stendur nú á tímamótum og er nauðsynlegt að taka marga grunnþætti lífarnis okkar til endurskoðunar til að draga úr neikvæðum áhrifum okkar á jörðina. Íslenskt samfélag hefur að auki orðið fyrir áfalli. Mikilvægt er að uppbygging og framtíð landsins byggji á sjálfbærni og sterku siðferði.

Umhverfisvottun Íslands er ein leið til aukinnar sjálfbærni í lifnaðarháttum okkar og hefði jafnframt í för með sér margvísleg jákvæð áhrif á atvinnu- og mannlíf.

Vottunarferlið felur í sér úttekt óháðs aðila, sem tryggir gæðastjórnun, aðhald og eftirfylgni og eykur því líkur á árangri. Aðkoma óháðs aðila eykur einnig á trúverðleika þess sem gert er og getur umhverfisvottun, þar sem veitt er umhverfismerki, því verið öflugt tól til kynningar og markaðssetningar. Auk beins ávinnings fyrir umhverfið getur umhverfisvottun þannig snert fjölmörg svið samfélagsins með því að bæta ímynd okkar, veita okkur samkeppnisforskot í ferðaþjónustu- og útflutningsgreinum og stuðla að sparnaði.

Lagt er til að Ísland allt verði vottað sjálfbært samfélag með því að votta starfsemi sveitarfélaga líkt og gert hefur verið á Snæfellsnesi undanfarin ár. Þar hefur orðið til þekking og reynsla sem sýnir okkur að um raunhæft markmið sé að ræða. Þá skal hafa í huga að vottunin segir ekki að við höfum náð fullkomnun, heldur að við séum sífellt að bæta okkur.

Greiður aðgangur sveitarfélaga að faglegum stuðningi er forsenda þess að verkefnið heppnist og geta náttúrustofur landsins þar gegnt mikilvægu hlutverki, m.a. vegna beinna tengsla sinna við sveitarfélögin, hás menntunarstigs starfsmanna á sviði náttúrufræða og tengslanets sem þær hafa komið upp sín á milli.

Ef stefnt yrði á fullnaðarvottun á 4-5 árum er beinn árlegur kostnaður af vottunarverkefninu sjálfu á þessu tímabili áætlaður um 80 milljónir fyrir allt landið. Ávinningurinn er hins vegar ómetanlegur.

Reynsla umhverfissvottaðs sveitarfélags af leiðandi starfi í umhverfismálum

Erla Friðriksdóttir

bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, erla@stykkisholmur.is

Stykkishólmur er og hefur undanfarin ár verið leiðandi í umhverfismálum og eitt af fimm sveitarfélögum á Snæfellsnesi sem hlutu Green Globe (nú EarthCheck) umhverfissvottun frá EC3 Global í júní 2008.

Stykkishólmur er annálaður fyrir fegurð, snyrtimennsku og varðveislu gamalla húsa. Íbúar í Stykkishólmi bera virðingu og umhyggju fyrir umhverfi sínu og eru meðvitaðir og áhugasamir um umhverfismál. Ferðaþjónusta hefur einnig verið vaxandi atvinnugrein í bæjarfélaginu. Þetta eru helstu ástæður þess að Stykkishólmur hefur tekið forystu í umhverfismálum. Náttúrustofa Vesturlands hefur haft forgöngu um fróðleg og fjölbreytt erindi um umhverfismál sem miðlað hefur verið til íbúa og þar með kveikt áhuga þeirra og aukið þekkingu á umhverfismálum.

Stykkishólmshöfn var fyrst allra hafna á landinu að öðlast Bláfánann sem er alþjóðleg umhverfisviðurkenning fyrir hafnir og strandir. Bláfáninn var fyrst afhentur Stykkishólmshöfn árið 2003 og hlaut höfnin því þessa viðurkenningu í sjöunda sinn á síðasta ári. Vistvæn innkaup hafa verið viðhöfð í Stykkishólmi frá 2004 og skráð frá árinu 2005. Í upphafi árs 2008 tók Stykkishólmur fyrst allra sveitarfélaga á landinu það skref að flokka allt heimilissorp. Tekið var upp þriggja tunnu flokkunarkerfi þar sem allt heimilissorp er flokkað í lífrænt, endurvinnanlegt og almennt sorp. Árangur þessa er að við flokkunina minnkaði urðað heimilissorp um 70%. Síðastliðin þrjú ár hefur Stykkishólmur ásamt sveitarfélögunum á Snæfellsnesi og í Eyjafirði tekið þátt í verkefni umhverfisráðuneytisins um tilraun til útrýmingar minks úr íslenskri náttúru. Minkurinn er innflutt tegund og getur verið ágeng í náttúru Íslands sé henni ekki haldið í skefjum. Árangur þessa verkefnis er að mink hefur fækkað verulega á þessum svæðum. Aðrar ágengar tegundir í íslensku lífríki eru alaskalúpína, skógarkerfill, spánarkerfill og bjarnarklóm. Náttúrustofa Vesturlands vann á síðasta ári skýrslu fyrir Stykkishólmsbæ um útbreiðslu þessara tegunda ásamt tillögum um mótvægisáðgerðir. Fyrirhugað er að hefja áðgerðir strax í sumar við að hefta útbreiðslu þessara tegunda og stefna að útrýmingu þeirra úr Stykkishólmslandi.

Stykkishólmur hefur sterka ímynd út á við í umhverfismálum, enda verið leiðandi bæjarfélag á því sviði. Hólmurarnir eru einnig stoltir af umhverfisstefnu bæjarins og eru ánægðir með að fá tækifæri til að láta gott af sér leiða í umhverfismálum.



Hvalaskoðun Reykjavík / Elding – Umhverfissvottun í fyrirtækjum

Rannveig Grétarsdóttir

Eldingu hvalaskoðun, rannveig@elding.is

Eigendur og starfsmenn Hvalaskoðunar Reykjavík / Eldingar hafa unnið að því með markvissum hætti frá árinu 2006 að bæta sig í umhverfismálum. Þar sem villt náttúran er vettvangur ferðanna hefur eigendum fyrirtækisins ávallt þótt mikilvægt að reyna að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfið. Í lok október 2008 hlaut fyrirtækið fulla umhverfissvottun hjá Green Globe, eftir að hafa unnið að því markmiði í tvö ár.

Umhverfissvottun snýst ekki einungis um umhverfismál, heldur tekur það ferli einnig til þátta eins og siðferðis, sanngjarnra viðskiptahátta og félagslegrar ábyrgðar og mótar fyrirtækið sér þ.a.l. heildstæða stefnu í átt til sjálfbærrar þróunar. Stjórnendur Eldingar telja tvímælalaust að umhverfissvottun sé árangursríkt stýritæki fyrir fyrirtækið, bæði á sjó sem og á landi.

Umhverfissvottun er ekki endastöðin heldur þarf að halda vottuninni við og bæta sig frá degi til dags. Stjórnendur Eldingar völdu að gerast aðili að Green Globe árið 2006 sem hefur nú breytt um nafn og kallast EarthCheck í dag. EarthCheck setur viðmið um umhverfis- og samfélagslega frammistöðu fyrirtækjanna í þeim tilgangi að þau fái vottun og bæti sig síðan sífellt frá ári til árs.

Fyrirtækin þurfa að senda inn viðmiðunartölur árlega um þá þætti í rekstrinum sem hafa áhrif á umhverfið s.s. olíunotkun, notkun á einnota umbúðum, pappírnotkun, gerð og magn hreinsiefna, förgun sorps o.þ.h. Einnig eru þættir eins og samfélagsleg ábyrgð og áhætta af starfseminni á umhverfið metin. Markmiðið er að gera alltaf betur en áður en eins þeir hjá EarthCheck segja: "It's all about the journey"... Við kjósum því að líta á vottunina sem hluta af löngu ferðalagi og þarf því að byggja umhverfisvitundina inn í innviði fyrirtækisins svo ekki sé numið staðar heldur stuðlað að meiri sjálfbærni með stöðugum umbótum.



Reynsla fyrirtækis af vottun – Villimey á Tálknafirði

Aðalbjörg Þorsteinsdóttir

Villimey, villimey@villimey.is

Villimey er heilsuvöruframleiðandi á Tálknafirði sem hefur frá árinu 1990 þróað og framleitt smyrsl, salva og áburði úr plöntum. Einungis eru nýttar villtar jurtir sem vaxa í næringarríkum jarðvegi, fá hreint loft og tært vatn, þannig að bestu eiginleikar og einstök virkni jurtanna nýtist til fullnustu. Uppskriftirnar sem Villimey hefur þróað eru að stórum hluta sóttar í vísdom og verkkunnáttu, hefðir og sögusagnir sem gengið hafa mann fram af manni á Íslandi í hundruð ára. Villimey fékk fyrir nokkrum árum alþjóðlega lífræna vottun vottunarstofunnar Túns til sjálfbærrar söfnunar á villtum íslenskum plöntum á um 12 þúsund ha landsvæði. Vottunin felur í sér að fyrirtækið er tekið út að minnsta kosti einu sinni á ári. Við úttekt er m.a. kannað hvort vörur sem keyptar eru inn til fyrirtækisins séu vottaðar s.s. burðar- og íblöndunarefni. Allt ferli við framleiðsluna er skráð, tínsla jurtanna, framleiðsla, þrif og gæðastjórnun.

Vottunin lauk upp mörgum nýjum möguleikum fyrir Villimey. Varan var tekin til sölu hjá Saga Shop og Fríhöfninni vegna vottunarinnar sem ýtti við samkeppnisaðilum að fara í vottunarferli. Vottunin hækkar gæðastuðul vörunnar og er öryggi neytandans fyrir hreinleika vörunnar. Allt vinnsluferlið er skráð og hver framleiðsla fær lotunúmer sem hægt er að rekja allt niður í dagsetningu og staðsetningu tínslunnar. Nýjar umbúðir, sem koma fljótlega á markað, lýsa vel innihaldi vörunnar og vísa líka í náttúru Vestfjarða, grænar hliðar og grá fjöll eins og þau gerast fallegust.

Vottunin markaði ákveðin tímamót að því leyti að aldrei fyrr hafði jafn stórt landsvæði á Íslandi verið vottað til lífrænnar framleiðslu.

Viðhorf ferðafólks til náttúru

Edward H. Huijbens

Rannsóknarmiðstöð ferðamála, edward@unak.is

Þetta erindi tekur á viðhorfi ferðafólks til náttúru eins og það hefur birst í rannsóknum í ferðamálafræðum hérlandis og erlendis. Þannig verður farið yfir í grófum dráttum ferðahvata Vesturlandabúa í dag og hvernig þeir birtast í ýmsum hugtökum í ferðapjónustu og hugmyndum ferðafólks. Sérstök áhersla verður í erindinu á þá ferðahvata er snúa að náttúru og upplifun á henni. Þannig er útgangspunkturinn viðmiðabreyting síðustu áratuga í átt til umhverfisverndar og sjálfbærni. Ferðahvatar tengdir náttúruupplifun verða þannig settir í samhengi við þessa viðmiðabreytingu og leiddir út í vöruþróun í ferðapjónustu. Þar er horft sérstaklega til birtingarmynda í svokölluðum eco-túrisma. Erindið mun enda á hugmyndum um áherslur og vöruþróun í ferðapjónustu til að þjóna þeim sem sækjast eftir náttúruupplifun, en varpar jafnframt upp spurningum um hvers eðlis slík upplifun er.

Villt dýr að féþúfu – Mikilvægi sjálfbærni

Ester Rut Unnsteinsdóttir

Melrakkasetri Íslands, melrakki@melrakki.is

Náttúrulífstengd ferðaþjónusta (e. Wildlife tourism) er vaxandi atvinnugrein á Íslandi og víðar um heim. Sem dæmi má nefna fuglaskoðun, hvalaskoðun og selaskoðun. Milljónir manna ferðast um heiminn í þeim tilgangi að skoða og „safna“ tegundum. Fuglaskoðunarferðir eru oft samtvinnaðar skoðun á öðru dýralífi og skipuleggur stór hluti fuglaáhugamanna ferðir sínar gagngert til að sjá önnur villt dýr. Dæmi um eftirsóttar dýrategundir eru norðurheimskautsdýr, t.d. hvítabirnir, rostungar, selir, hvalir og heimskautarefir (melrappar). Aukin ásókn ferðamanna í að upplifa villt dýralíf í náttúrulegu umhverfi hefur verið nokkuð til umræðu vegna þess að þar stangast á verndunarsjónarmið og vaxandi hagnaðarvon.

Í fyrirlestrinum er fjallað um dýr sem auðlind í ferðaþjónustu og mikilvægi þess að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi. Minnt er á skyldur okkar gagnvart náttúrunni og villtu dýralífi, hversu fábrotin íslenska fánan er og vistkerfin einföld en jafnframt viðkvæm. Finna þarf leiðir til að auka þolmörk dýranna sem eru höfð til sýnis, án þess að valda þeim skaða eða eyðileggja möguleika til frekari afnota af þeim í framtíðinni. Krafa um sjálfbærni hefur aukist því ferðamenn hafa aukna umhverfisvitund og vilja vottun eða staðfestingu. Til að þetta sé hægt þarf að sinna rannsóknum á þeim dýrastofnum sem um er að ræða og áhrifum þess að auka ásókn ferðamanna inn á búsvæði þeirra. Aukin þekking hjálpar okkur til að treysta undirstöðu þessarar nýju atvinnugreinar, afkomu þeirra sem að henni starfa og notkun auðlindarinnar til langs tíma.





Rafbílavæðing Íslands

Sighvatur Lárusson

Northern Lights Energy, sighvatur@2012.is

Northern Lights Energy (NLE) er ungt og framsækið fyrirtæki sem er að hasla sér völl á sviði orku og samgöngutækni. Megináhersla er lögð á að fjárfesta í verkefnum sem hafa samfélagsleg áhrif og skipta máli í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Eitt helsta verkefni NLE er rafbílavæðing Íslands, sem er drifkrafturinn í framtíðarsýn eigenda fyrirtækisins.

Að rafbílavæða heilt land hefur aldrei verið gert áður annars staðar svo vitað sé. Heildstæð rafbílavæðing felur í sér fjölpættar lausnir á öllu sem varðar innleiðingu á notkun raforku fyrir samgöngur. Slík orkuskipti kalla á samþættingu ólíkra þátta sem margir hverjir gefa kannski ekki mikið í aðra hönd en eru nauðsynlegir til að heildin gangi upp. Til að koma slíku á þarf einn aðila sem sér um alla þætti slíkrar innleiðingar og hefur hagsmuni af öllum þáttum. NLE skilgreinir sig sem slíkan aðila og hefur byggt sínar lausnir í samræmi við það.

Framleiðsla og uppbygging rafpóstakerfis til sölu á rafmagni fyrir rafbíla, innflutningur og sala rafbíla, uppbygging þjónustu og eftirmarkaðar fyrir rafbíla, endurvinnsla ásamt víðtæku samskiptakerfi fyrir notendur er hluti þessarar rafbílavæðingar.

Ekki er nokkur vafi á að rafbílavæðing hefur víðtæk áhrif í samfélaginu. Nýting innlendra orkugjafa, bætt nýting núverandi raforkukerfis, gjaldeyrissparnaður, áhrif í ferðamannaiðnaði og fjölmörg önnur atriði hafa jákvæð fjárhagsleg áhrif á samfélagið. Minni mengun hefur að auki umhverfislegan ávinning fyrir land og þjóð.

Hvernig birtist stefna vestfirskra sveitarfélaga í umhverfismálum?

Anna Guðrún Edvardsdóttir

formaður Fjórðungssambands Vestfjarða, age5@hi.is

Sá málaflokkur innan stjórnsýslu sveitarfélaga sem mestur áhugi almennings er fyrir eru skipulagsmál hvers konar og þá sérstaklega mál er varða mótun umhverfisins. Í erindi mínu mun ég fjalla um hvar og hvernig stefna sveitarfélaga í umhverfismálum birtist. Sveitarfélög hafa fjölmörg tæki til að móta stefnu í umhverfismálum. Má í því sambandi nefna gerð aðal- og deiliskipulaga. Sjónum verður einkum beint að vestfirskum sveitarfélögum og skoðað hvernig þau hafa nýtt sér þau tæki sem til eru við stefnumótun í umhverfismálum. Þá verður einnig fjallað um hvernig sveitarfélög hafa brugðist við aukinni kröfu um þátttökulýðræði og hvernig til tekst að virkja íbúa til ábyrgðar þátttöku við mótun umhverfisins. Þau tæki sem einkum verður fjallað um og sveitarfélög á Vestfjörðum hafa nýtt sér eru íbúabíng, Staðardagskrá 21, gerð svæðisskipulags er næði til landssvæði og stranda, íbúafundir, gerð fræðsluefnis o.fl. Þá verður velt upp þeirri spurningu hvort tekist hafi að virkja íbúa sveitarfélaganna og kveikja hjá þeim áhuga á mótun umhverfis síns.



This image shows a blank sheet of white paper with horizontal ruling lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page. In the top right corner, there is a decorative graphic of a white flower with yellow stamens, partially cut off by the edge of the paper.



Myndaskrá:

Kápumynd: Rauðasandur

Bls. 5: Ofan af Kistufelli

Bls. 6: Önundarfjörður

Bls. 8: Pollurinn, Tálknafirði

Bls. 9: Dýrafjörður

Bls. 10, efri mynd: Dynjandi

Bls. 10, neðri mynd: Neðstikaupstaður, Ísafirði

Bls. 12: Lundar á Látrabjargi

Bls. 13: Látrabjarg

Bls. 14, efri mynd: Bæjarhúsin á Börmum í Reykhólasveit

Bls. 14, neðri mynd: Gjögur við Reykjarfjörð

Bls. 16: Neðstikaupstaður, Ísafirði



Ferðamálasamtök Vestfjarða